

Hún svaraði ekki, en augun töluðu fyrir hana.

"Ég er bæði þakklátur og glaður fyrir, að þetta sundurlyndi á milli okkar er nú horfið. En Aðalheiður, ég er nú búinn að gera þér nógu langt til þú átt Brokklands og alt, sem því tilheyrir. Ég vil ekki dvelja hér á þinn kostnað, — sem nokkurskoyrar þurfa maður".

"Áleist þú mig svo þennan tíma, sem ég hefi lifað hér?" spurði hún skjótlega.

"Nei, en því er nú öðruvísi háttað. Enginn karlmaður gerir sig ánægðan með, að lifa af fé konu sinnar".

"Hvað eigum við þá að gera?" spurði hún rólega.

"Ég vil taka það, sem leiðir minni titlét mér — fimm þúsund pund — og fara hóðan. Ég skal vinna mér fjár og frama, og þegar því er nað, þá kem ég aftur og geri kröfu til þín, elskan mín".

"Hún varð mjög óróleg. "Heldur þú ekki, að ég sé búinn að lifa nóga?" spurði hún.

"Elskan mín, aldrei hefir nokkur kona lifið meir en þú, eða verið göfugri en þú".

"Finnt þér þú standa í skuld við mig?" mælti hún. "Nú fyrst vil ég kannast við, að þú gerir það. Í staðinu fyrir hina leiðinlegu tilveru mína hér, — í staðinn fyrir hina löngu, köldu nótt, órvæntingu, sorg og afbrýðissemi, — fyrir alt, sem ég hefi lifið, ertu í skuld við mig. Viltu borga þessa skuld, Allan?"

"Já, það vil ég", mælti hann. "Ég vil gera alt, sem þú heimtar af mér".

Nú gleyndi hún þeimni sinni, hugsaði ekkert um, hvað hann myndi hugsa um sig. Hún tók um háls honum og haldi höfuðið við brjóst hans.

"Elskan mín", hvíslaði hann og beygði sig niður að henni. "Hvað er það?"